

# KJARVAL

**30% afsláttur**

**1.259 KR. KG**

Borgarneskjötvörur ham-borgarhryggur m/beini

**22% afsláttur**

**699 KR. KG**

Kalkúnn frosinn

**30% afsláttur**

**1.257 KR. KG**

Kea Léttreyktur lambahryggur

**10 stykkj**

**698 KR. PK.**

Goda hamborgarar 80 gr.

**30% afsláttur**

**489 KR. KG**

Móa kjúklinga-leggir/læri

**569 KR. PK.**

Te & Kaffi jólakaffi malað eða baunir

**1,25 ltr**

**189 KR. STL.**

Egils hvítöl

**249 KR. STL.**

Happy Day 100% ávaxtafán 3 teg.

**99 KR. PK.**

Freschetta örbylgjupizzur 2 teg

**20% afsláttur**

**99 KR. STL.**

Gotta ostur, mysingur og smurostur

**99 KR. STL.**

Jóladagatal

**- Jólin eru byrjuð í Kjarval -**

# VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG [frettir@simnet.is](mailto:frettir@simnet.is)

**Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum**

## Til sölu

fjór hjól Susuki Quad Runner 500  
4x4 árg. 2002 ekið 8500 km  
verð 400 þús m.sk

*Uppl. í síma 861 8894*

## Óska eftir

að kaupa notaðan ísskáp  
m. frystihólfi.

*Þóra, sími: 456 1206  
og 661 3245.*

## Jólakort

er að selja jólakort fyrir styrktar-  
félag krabbameinssjúkra barna

*Ragnildur í síma 487 1256*

[www.sko.barnaland.is](http://www.sko.barnaland.is)

VITINN á [www.sudurland.net](http://www.sudurland.net)



## Höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferð.


Ég verð á Klaustri  
dagana  
1.-2. desember.

**(laugardag  
og sunnudag)**

Áhugasamir pantið  
tíma í síma

**587-2999  
eða 866-0474.**

*Sigrún Inga Birgisdóttir.*



**MÝRDAL OG  
A-EYJAFJÖLLUM**

## Samherjafélagar

Fjölmennum í veisluna í  
Víkurskála fimmtudaginn  
29. nóv. kl. 18:00

*Munið jólasamveruna 7. des.*

Stjórnin



**Rauði kross Íslands**  
Klaustursdeild

*Fatasöfnun á vegum Klaustursdeildar Rauðakrossins í samstarfi við Búval ehf, Iðjuvöllum 3, Kirkjubæjarklaustri.*

**Tekið verður á móti fatnaði á opnunartíma Búvals frá kl. 10:00 til 16:00 frá mánudeginum 3. desember til föstudagsins 7. desember**

Fatnaður þarf að vera í pakkingu, merkt: Fatasöfnun Rauða kross Íslands. Skófatnaði þarf að pakka inn sér.



## Eigendur bifreiða með ökumæli takið eftir!!

**Mánudaginn 3. desember hefst álestrartímabil af ökumælum bíla og tengivagna yfir 10 tonn að heildarþunga, og stendur yfir til föstudagsins 14. desember.**

Lesið verður af mælunum í áhaldahúsinu í Vík alla virka daga á tímabilinu frá kl. 8:00 til 12:00 á hádegi. Í Skaftárhreppi verður lesið af mælum föstudaginn 7. desember.

Nánari upplýsingar veitir Vegagerðin í Vík í síma 522-1372  
Vegagerðin

Eitt verð ég að segja þér áður en ég dey,  
enda skaltu börnunum þínum kenna fræði mín,  
sögðu mér það álfarnir í Suðurey,  
sögðu mér það dvergarnir í Norðurey,  
sögðu mér það gullinmura' og gleymmérei  
og gleymdu því ei:  
að hefnist þeim er svíkur sína huldumey,  
honum verður erfiður dauðinn.

*Guðmundur Böðvarsson*

Kveðju skartar kvöldsins sól  
konung vart má gleyma  
sæl í hjarta höldum jóla  
hátið bjarta heima.

Út um völlinn vinir þjást  
víða mjöll á vegi  
kærleiks föllum fyrir ást  
fram að höllum degi.

*Höf: Haraldur Haraldsson 1954-*



**www: enjo.net**  
Áður Clean Trend

Umhverfisvænar hreingerningavörur

Við bjóðum þér að hafa samband við okkur ef þig vantar að panta vöru eða hefur áhuga á að hafa kynningu.



**Alma Hanna**  
**ENJO ráðgjafi**  
**Gsm: 664-6451**

Netfang. almah@is.enjo.net


og svo er hægt að hafa samband við Höllu Ólafsdóttir Þórisholti Vík  
gsm:894 -6212

## Laufabrauðsdagur

Laugardaginn 1. desember klukkan 14:00 höldum við Laufabrauðsdag í Kirkjubæjarskóla. Þið getið keypt laufabrauð, skorið þau út og steikt á staðnum. Munið að koma með bretti og hnífa! Á meðan geta börnin fönðrað eða skreytt piparkökur.

Stjórn skólafélagsins verður með eitthvað gott í gogginn til sölu.

Sjáumst



Skólafélagið Askur  
Og  
Foreldrafélagið



**KIRKJUBÆJARSKÓLI Á SÍÐU**  
880 Kirkjubæjarklaustur  
Sími: 487 4633 Símbref: 487 4833  
Netfang: kbskoli@ismennt.is  
Veffang: www.kbs.is



Lögreglu barst tilkynning um bifreið út í Höfðabrekkuþjörnum sl. sunnudagsmorgun. Björgunarsveitin Víkverji kom á vetvang, brutu rúðu og náðu ökumanni, sem var á áttæðisaldri, út úr bílnum. Aðeins höfuð hans stóð upp úr vatninu. Var orðinn mjög kaldur. Þýrla kom á móti sjúkrabíl að Hvolsvelli.

Mynd: Jónas Erl.

## AÐVENTUHÁTÍÐ Í PRESTSBAKKAKIRKJU

*Fyrsta sunnudag í aðventu 2. desember kl. 14.00  
verður aðventuhátíð í Prestsbakkakirkju.*



Kirkjukór Prestsbakkakirkju syngur jóla- og aðventusálma, börn flytja helgileik og tónlistaratriði. Sr. Ingólfur Hartvigsson leiðir stundina og flytur hugvekju.

Þegar dagskránni líkur í kirkjunni heldur hátíðin áfram í Kirkjubæjarskóla þar sem kirkjukór Prestsbakkakirkju verður með glæsilegt kaffihlaðborð.

Fjölmennum á aðventuhátíðina og eigum góða stund saman í Prestsbakkakirkju.

*Ingólfur Hartvigsson, sóknarprestur.*



### Fimmtudaginn 6. desember n.k.

verður haldin kynningarfundur um tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2005-2025. Fundurinn verður haldinn í félagsheimilinu Leikskálum og hefst kl. 20.00. Allir eru velkomnir.

Skipulags- og byggingarnefnd og sveitarstjórn Mýrdalshrepps

Heimur barns

Barnið horfir stórum bláum augum á heim sinn:  
vöggu með rósóttu fóðri,  
bangsa og hringlu  
og mömmu, sem fylgist með því.  
Litlar hendur fálma eftir takti.

Stundum er líkt og það vilji fljúga.  
Kannski er það aðeins fugl  
úr kynlegum skógi,  
sem hvílir sig um stund  
áður en lengra er haldið

*Jóhann Hjálmarsson*

## Basar á Hjallatúni.



Opið hús verður á vinnustofu Hjallatúns  
mánudaginn 3. desember nk. kl. 14:00 og 17:00.

Hannyrðir og föndur til sölu á vægu verði og kaffi á könnunni.

Allir hjartanlega velkomnir.

Félagsstarfið á Hjallatúni.

## Eldri Borgarar í Mýrdalshreppi

Villibráðaveisla með jólaívafi á Ströndinni Víkurskála  
kl.18:00 fimmtudaginn 29. nóvember nk.

Verð 1000,- pr. mann

*Vonumst til að sjá sem flesta  
Vignir og Elías*



### Halldórskaffi

**jólahlaðborð**

Þrátt fyrir stórglæsilegt jólahlaðborð verður að fella það niður vegna dræmrar þátttöku.

*Kveðja  
Halldórskaffi*

**Pétur sími 6997760**

email: [eddaogpetur@simnet.is](mailto:eddaogpetur@simnet.is)

## Atvinna í boði á Hjallatúni.

*Starfsmann vantar í umönnun á Hjallatún, frá 1. febrúar nk., eða fyrr ef unnt er.*

Vaktavinna, starfshlutfall eftir samkomulagi.

*Starfsmann vantar einnig í ræstingu frá 10. desember. 80 % staða.*

Allar upplýsingar fást hjá Guðlaugu  
í síma : 487-1348 eða 868-1181



### Til sölu

Íbúðarhúsið að Austurvegi 6 í Vík er til sölu.

Húsið er steinsteypt, byggt árið 1959 og er mikið endurnýjað.

Íbúðin er 170,9 m<sup>2</sup> að stærð auk 39,7 m<sup>2</sup> bílskúrs eða alls 210,6 m<sup>2</sup>.  
Verð 20,5 millj. kr.

Nánari upplýsingar gefur Sveinn í síma 864 4647

Vegna vísu sem birtist í Vitanum  
14. nóv. sl.

Trönu snúinn tígulgosi  
tittlinanna á fund,  
Lafrans gekk um landið Mosa  
líkt og slétta grund.

Tveir lesenda Vitans lærðu vísuna þannig:  
Landið Mosa er brattlendi vestan í  
Hafursey og erfitt yfirferðar nema góðum  
fjallamönnum, en Lafrans var einn slíkur.



Og þarna var um fýlaveiði að ræða því  
fýllinn var hér áður fyrr nefndur tittlingur.  
“að fara í tittlinga, fara í fýl”  
og menn eigna vísuna Helga  
Dagbjartssyni, þótt ekki liggi fyrir öruggar  
sannanir. E.

## Aðventusamkoma í Mýrdal 2007

*Aðventusamkoma verður í félagsheimilinu Leikskálum í Vík, miðvikudagskvöldið 5. desember nk. kl. 20:00.*

Helgileikur, upplestur, söngur og tónlist sem tengist aðventu og jólum.



Að lokinni samkomunni verða ljósin tendruð á jólatré Mýrdælinga.

Samkoman er samstarfsverkefni grunnskólans, tónskólans, kirkjukóranna og allra sóknanna í Mýrdal.

Fjölmennum á sameiginlega aðventuhátíð okkar allra.

Samstarfshópurinn

## Minni á Kirkjuskólann í Mýrdal



*næsta laugardag, 1. desember, kl. 11:15 - 12:00  
í Víkurskóla.*

Sóknarprestur

